

## Setningarræða formanns BSRB á þingi bandalagsins 2. október 2024

Kæru gestir og þingfulltrúar,

Verið velkomin á 47. þing BSRB

Yfirskrift þingsins að þessu sinni er „Afl í þágu almennings“ sem vísar til hagsmunabaráttu okkar fyrir lífskjörum félagsfólks í víðum skilningi og jafnframt til þess að félagsfólk aðildarféлага BSRB veitir almannaþjónustu sem er ein af grunnstoðum velferðarkerfisins og þar með samfélagsins.

Bandalagið byggir á gömlum grunni sem var lagður árið 1942 en tildrögin að stofnun þess var ríkjandi dýrtíð allt frá 1939. Verðbólga, vextir og slæm afkoma heimilanna var því ástæðan fyrir því að starfsfólk ríkis og sveitarféлага ákváðu að bindast samtökum. Samtökum sem stæðu vörð um heimilin í landinu, stæðu vörð um kaup og kjör. Og ekki síst, samtök sem stæðu vörð um þjónustu hins opinbera, eins og það hét þá. Samtök sem stæðu vörð um almannaðjónustuna.

Kjarninn í okkar starfi - nú sem fyrr - er því sameiginleg hugsjón um að vera framsækið og kraftmikið samfélagsafl sem stuðlar að auknum lífsgæðum.

---

Kannanir sýna að þau mál sem helst brenna á fólki í dag eru efnahagsmál, húsnæðismál og heilbrigðismál. Efnahagsmálin eru okkur ofarlega í huga vegna hárrar verðbólgu og vaxta. Dagleg útgjöld hafa hækkað, það er erfiðara að ná endum saman og fólk virðist hætt að trúa því að ástandið geti batnað. Á sama tíma er fámennur hópur í samfélaginu sem græðir á þessu ástandi. Við okkur

blasir neyðarástand þegar horft er til félagslegrar stöðu fjölmennra hópa samfélagsins og félagslegra innviða. Samt einkennist stjórn málaumræða gjarnan af mýtunni um að eina leiðin til að bregðast við verðbólgunni sé með niðurskurði.

Við hjá BSRB höfum gagnrýnt stefnu stjórnvalda sem byggist á úreltum hagfræðikenningum sem dreifir verðmætunum frá heimilum og litlum fyrirtækjum yfir til þeirra sem mestar eignirnar eiga. Til þeirra sem græða mest á nýtingu okkar sameiginlegu auðlinda, finna minnst fyrir verðbólgunni og græða mest á háu vaxtastigi.

Við höfum einnig spurt hvort það sé virkilega pólitískur vilji til að viðhalda núverandi ástandi, þar sem verðmætunum er skipt með mjög óréttlátum hætti á milli fólks.

Við höfum bent á að leiðin fram á við felist í því að endurhugsa hvaðan hinn raunverulegi auður kemur og hvernig við sem samfélag eigum að skipta honum.

Svarið við verðbólgu og vöxtum er ekki áframhaldandi stefna sem forgangsraðar niðurgreiðslu skulda ofar en nauðsynlegum fjárfestingum í innviðum og fólki. Stefna sem hefur leitt til skattalækkana á þau ríkustu á meðan allt frá aldamótum hafa verið gerðar aðhalds- og niðurskurðarkröfur til mikilvægra stofnana í heilbrigðis-, félagsþjónustu- og menntakerfinu með augljósum neikvæðum áhrifum á þjónustuna og þau sem þar starfa.

Nánast öll nálgun á efnahagsumræðuna er mantran um hversu hættulegt það sé fyrir ríki og sveitarfélög að skulda, en það er gert til að ekki þurfi að ræða hvernig megi verja eða endurreisa heilbrigðisþjónustuna, velferðarþjónustuna, menntakerfið eða grípa til aðgerða til að tryggja húsnæðisöryggi eða jafnrétti.

Með þessu er verið að kasta ryki í augu fólks þannig að athyglin beinist að skuldunum og sannfæra fólk um að aðhaldsaðgerðir sé eina leiðin sem hægt er að fara. Áherslan á aðhaldsaðgerðir þýðir svo alltaf aukinn niðurskurð í stað aukinnar tekjuöflunar. Þetta er pólitík en ekki náttúruleg mál – margreynd pólitík sem hefur viðgengist í fjölda landa til áratuga og hefur reynst skaðleg fyrir samfélög.

Annað stjórnmalafólk eltir gjarnan þennan þráð í stað þess að setja eigin stefnu og málefni á dagskrá. Og þannig gleymist að raunverulega viðfangsefnið er fólk og lífsgæði þeirra – að fólk búi við frið, hafi fjárhagslegt sjálfstæði, sé öruggt, að komið sé fram við það af virðingu, það búi við jafnrétti og njóti mannréttinda. Að hér verði frábært að búa, starfa, ala upp börn, annast og styðja við ástvini, fara á eftirlaun og eldast.

Það er ekki bara hér á landi sem mörg leitast við að svara spurningunum um hvað hafi farið úrskeiðis í samfélaginu – hvenær hafi verið farið útaf sporinu – hvers vegna fólk líði verr – hvers vegna dregið hafi úr félagslegri samheldni – hvers vegna ofbeldi sé að aukast.

Fjöldinn allur af rannsóknum sýna að ástæðan sé efnahagsástandið og efnahagsstjórnin – að byggt hafi verið til lengri tíma á efnahagsstefnu sem þjónar ekki fólk heldur fjármagni. Að niðurskurður í velferðarþjónustu hafi neikvæð áhrif á líðan og auki veikindi. Að skýr tengsl séu á milli ójöfnuðar, slæmrar efnahagslegar og félagslegar stöðu og þunglyndis, kvíða, félagslegs óstöðugleika og óróleika. Að efnahagsmódelin séu úr sér gengin og að stundin sé nú runnin upp til að forgangsraða þannig að grundvallarkerfin verði styrkt.

Sé ekki snúið af þessari braut muni misskipting tekna og eigna vaxa enn meira. Samþjöppun auðs muni hafa enn skaðlegri afleiðingar, stéttskipting aukast og félagsleg samheldni minnka enn frekar.

Kannanir Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins leiða skýrt í ljós hverjir þeir hópar eru sem við þurfum að einbeita okkur að; einstæðir foreldrar, ungt fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, innflytjendur og öryrkjar. Þá er fjárhagsstaða kvenna verri en karla og konur eru háðari maka um framfærslu en karlar.

Ef við ætlum að byggja upp samfélag samkenndar og samtryggingar þarf að stokka spilin upp á nýtt.

Leiðin fram á við felst í samfélagslegri sátt um nýja efnahagsstefnu. Sátt um að skapa skuli mannsæmandi störf fyrir öll og dreifingu verðmæta í gegnum réttláta og framsækna skattastefnu. Þar sem félagslegar aðgerðir eru í forgrunni og niðurskurðarstefna heyrir sögunni til.

Verkefnið fram undan er því að endurhugsa tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga, skipta kökunni með réttlátari hætti og þannig greiða niður skuldir. Takist okkur að losna úr fjötrum úreltrar efnahagsstjórnunar getum við virkilega byrjað að skara fram úr.

---

Kæru félagar,

Nú berst okkur hver fréttin af annarri um að allt stefni í átakamikinn vetur. Að átök muni einkenna störfin á Alþingi. Hættan er að átök muni eingöngu auka sundrunu og draga athyglina frá því sem skiptir flest mestu máli og ýti þannig undir stöðnun eða bakslag. Framferði þeirra sem starfa í almannabágu svo sem í stjórnámálum, verkalýðshreyfingu og hjá samtökum atvinnurekenda hafa gríðarleg áhrif á samfélagið allt. Það hefur áhrif á opinbera umræðu, það hefur áhrif á hvar mörkin liggja, það hefur áhrif á hvernig okkur og börnunum okkar

líður. Eitt nýlegt dæmi þess er skaðleg umræða stjórnmalafólks um innflytjendur sem hefur leitt til aukinnar andúðar og fordóma í garð þeirra.

Aukin skautun er ekki rétta viðbragðið við ójöfnuði, óstöðugleika og vantrú fólks á að hlutirnir geti batnað. Það skiptir máli hvernig við nálgumst umræðuna og að haft sé í huga hvaða áhrif hegðun og okkar og orð hefur á annað fólk. Það skiptir máli að við nálgumst umræðuna af yfirvegun og byggjum á bestu mögulegu þekkingu hverju sinni – að verið sé að meta langtímaáhrif mögulegra breytinga á ólíka hópa. Að við höfnum átakasækni og populískum plástrum sem hafa skaðlegar afleiðingar til framtíðar.

Sagan sýnir okkur og við sjáum það víða í löndunum í kringum okkur, að þegar fólk missir trúna á að hin hefðbundnu stjórnmalaoöfl séu að vinna að þeirra hag myndast frjór jarðvegur fyrir öfgaöfl og stuðningur við þau eykst.

Samfélagssátt um breytta forgangsröðun á forsendum fólks en ekki fjármagns er besta leiðin til að koma í veg fyrir að þau hægri öfgaöfl sem nú eru að styrkja stöðu sína víða, nái að mála upp þá mynd að þau starfi í þágu vinnandi fólks. Bæði hugmyndafræði og aðgerðir þeirra öfgaöfla sem komist hafa til valda víða um heim sýna að í raun er markmið þeirra að brjóta á bak aftur lýðræði, verkalýðshreyfinguna og skerða mannréttindi – einkum kvenna, fólks af erlendum uppruna og hinsegin fólks.

--

Kæru félagar,

BSRB hefur haft áhrif á samfélagsgerðina til lengri tíma. Stefna bandalagsins hefur alltaf verið framsækin, sem var fyrst til að tryggja lífeyrisréttindi fyrir allt félagsfólk þegar eingöngu embættismenn nutu þeirra, orlofsrétt og rétt til launa í fæðingarorlofi áður en samið var um það á almennum vinnumarkaði. Þá náði

bandalagið fram einu af fyrstu jafnlaunaákvæðunum þar sem staðfest var að kjör kvenna og karla eigi að vera þau sömu árið 1954. BSRB hefur tvisvar í sögu sinni náð góðum árangri við að stytta vinnutímann, fyrst úr 44 stundum í 40 og svo nú síðast í 36 stundir með möguleika á enn frekari styttingu fyrir vaktavinnufólk.

Mörg þessara réttinda sem okkur þykir sjálfsgöð í dag og viljum gjarnan betrumbæta enn frekar, voru einu sinni bara hugmyndir félagsfólks og oft voru aðstæður þannig að það þótti nær óhugsandi að þær yrðu að veruleika.

Sigrarnir og varnarsigrarnir í 82 ára sögu okkar eru óteljandi. Baráttan fyrir að fólk nái endum saman og geti lifað mannsæmandi lífi, sterkri opinberri heilbrigðisþjónustu, uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði, hækkun húsnæðisbóta og barnabóta, 12 mánaða fæðingarorlofi, 30 daga orlofi, lyftingu lægstu launa, endurmati á virði kvennastarfa og svo mætti lengi telja. Þessi árangur hefði aldrei náðst nema fyrir samtakamáttinn og kraftinn í félagsfólki á hverjum tíma.

Og áfram höldum við!

Við erum hér samankomin til að móta stefnu BSRB til næstu þriggja ára. Við gegnum mikilvægu hlutverki við að skora stöðugt á hólmi viðtekin viðhorf, móta stefnu til framtíðar og stuðla að varanlegum breytingum. Við munum áfram halda þeirri kröfu að stjórnvöldum að efnahagsákvæðanir þeirra þjóni fólki með velferð, jöfnuð og jafnrétti að leiðarljósi.

Það er með samstöðunni sem við sem hreyfing stuðlum að jafnvægi í efnahagslífinu, sýnum lýðræðislegt aðhald, náum stórum áföngum fyrir velferð almennings og byggjum upp bætt velferðarkerfi til framtíðar.

Þannig erum við afl til breytinga. Þannig erum við afl í þágu almennings.

Kæru félagar,

Ég tók við sem formaður BSRB í október 2018 og hef lýst því yfir að ég gefi kost á mér til endurkjörs til næstu þriggja ára. Síðustu sex ár hafa verið gríðarlega viðburðarík vegna viðbragða við afleiðingum heimsfaraldurs kórónaveirunnar, baráttunni fyrir öflugri almannþjónustu, þremur kjarasamningslotum, styttingu vinnuvikunnar, umfangsmiklum verkföllum bæjarstarfsmannafélaga og Kvennaverkfalli svo eitthvað sé nefnt. Samstarfið og stuðningur frá formönnum og fulltrúum aðildarfélaganna hefur verið mér ómetanlegur. Okkar gæfa hefur verið að standa þétt saman og eftir því hefur verið tekið hversu sameinuð við erum í baráttunni. Það hefur skilað okkur árangri og sterkari stöðu.

Verkefnin á undanförunum árum hafa verið mörg og flókin en aldrei óleysanleg. Samtakamáttur okkar hefur tryggt það. Ég er stolt og þakklát fyrir það traust og þann trúnað sem þið hafið sýnt mér, og vonast til þess að þið veitið mér áframhaldandi umboð til að leiða baráttuna.

Að því sögðu er kkkur er ekkert að vanbúnaði að hefjast handa við þingstörfin.

Ég segi 47. þing BSRB sett.